

## **20. fundur veitustjórnar haldinn miðvikudaginn 6. september 2017 í Ráðhúsi Hrunamannahrepps og hófst hann kl. 15:30.**

Fundinn sátu: Páll Jóhannsson, formaður, sem setti fund og stjórnaði honum. Einnig sátu fundinn, Axel Thorsteinson, Kolbrún Haraldsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Pröstur Jónsson, Hannibal Kjartansson, veitustjóri, Halldóra Hjörleifsdóttir, oddviti og Jón G. Valgeirsson, sveitarstjóri sem skráði fundargerð. Dagskrá fundarins er eftirfarandi:

### **1. Rafmagnsframleiðsla.**

Kynnt var niðurstaða skipulagsfulltrúa um skipulagsmál vegna rafmagnsframleiðslu og upplýsingar frá Centra fyrirtækjaráðgjöf ehf um möguleg verð vegna afnota af heitu vatni o.fl. Veitustjórn telur að tæknin sem kynnt hefur verið sé mjög áhugaverð. Verkefnið virðist hins vegar ekki ganga upp fjárhagslega fyrir Hitaveitu Flúða nema hægt verði að nýta vatnið sem fellur til við rafmagnsframleiðsluna til sölu. Veitustjórn vill gjarnan skoða möguleika á að prófa eina eða tvær vélar í tilraunaskyni í skamman tíma, m.a. til sjá virkni svæðisins.

### **2. 8 mánaða uppgjör Hitaveitu Flúða.**

Lagt var fram 8 mánaða uppgjör Hitaveitu Flúða vegna ársins 2017. Jón og Hannibal fóru yfir helstu liði uppgjörins. Rekstur hitaveitunnar er í góðu jafnvægi.

### **3. Stöðuyfirlit á rekstri vatnsveitu og fráveitu.**

Lagt var fram stöðuyfirlit úr bókahaldi Hrunamannahrepps um rekstur á vatnsveitu og fráveitu sveitarfélagsins ársins 2017.

### **4. Hrunaljós.**

Jón og Hannibal fór yfir stöðu á lagningu ljósleiðara í sveitarfélaginu. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir geti hafist í október .

Fleira ekki tekið fyrir

Fundi slitið kl. 16:30.